

| Verkefni 5 | Local Food Festival |
|------------------------------------|---|
| Markmið (SMART) | <i>Markmið verkefnisins er að halda matarhátíð í Hofi 16. mars n.k., að a.m.k. 20 fyrirtæki taki þátt og gestir verð a.m.k. 8.000. Þá á sýningin að vekja áhuga ungs fólks á matvælageiranum sem spennandi valkost til atvinnuþátttöku og vitund ferðamanna á gæðum og fjölbreytni matvæla á svæðinu.</i> |
| Stutt verkefnalýsing | <i>Sýningin mun endurspeglar hinn mikla styrk Norðurlands sem stærsta matvælaframleiðslusvæðis landsins og er því kjörinn kynningarvettvangur fyrirtækja og einstaklinga til að vekja athygli á framleiðslu, matarmenningu, veitingastarfsemi, matartengdri ferðaþjónustu og verslun á þessu sviði. Lögð er áhersla á að Local Food sýningin sé skemmtileg og eru skipulagðir viðburðir s.s. hinar ýmsu matreiðslukeppnir þar sem fagfólk og almenningur spreytir sig með hráefni úr héraði.</i> |
| Framkvæmdaaðili | <i>Matur úr héraði – Local food eru félagasamtök fagaðila í matvælaframleiðslu, matreiðslu, sölu og dreifingu í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.</i> |
| Samstarfsaðilar | <i>Kjarnafæði, Norðlenska, Mjólkursamsalan, Markaðsstofa Norðurlands, Klúbbur matreiðslumeistara á Norðurlandi, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Viðburðastofa Norðurlands.</i> |
| Tengsl við Sóknar-áætlun 2015-2019 | <i>Verkefnið hefur beina og sterka skírskotun í fyrri útgáfu Sóknaráætlunar sbr. bls 3, 12 og 13. Einnig í 2. útgáfu Sóknaráætlunarinnar bls. 10, kafla 3.2., 2. mgr. og bls. 11, kafla 3.3., 5. mgr.</i> |
| Árangursmælikvarði/ar | <i>Fjöldi þátttakenda og fjöldi gesta.</i> |
| Lokaafurð | <i>Sterkari ímynd Norðurlands sem áfangastaður og matvælaframleiðslusvæði.</i> |
| Tímarammi | <i>Febrúar – mars 2019.</i> |
| Heildarkostnaður | <i>Kr. 4.300.000.</i> |
| Framlag úr Sóknaráætlun 2019 | <i>Kr. 1.500.000. Aðrar tekjur og þátttökugjöld kr. 2.800.000.</i> |